

FJÁRREIÐUR RÍKISSJÓÐS
MÁNAÐARYFIRLIT

FEBRÚAR

2020



Inngangur

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Í 60. gr. laganna er fjallað um mánaðarlegt uppgjör Fjárslu ríkisins sem taka eigi saman greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils á undan. Þar eigi að koma fram upplýsingar um innheimtar tekjur, greidd gjöld, fjárfestingu, fjármögnun og skuldastöðu.

Með lögum um opinber fjármál er gerð grundvallarbreyting á reikningsskilum ríkissjóðs. Þá er jafnframt verið að gera breytingar á fjárlagagerð og áætlanagerð og allt þetta hefur í för með sér breytta framsetningu milliuppgjöra og skýrslna. Árið 2017 var fyrsta árið þar sem reikningsskilin eru samkvæmt nýjum stöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila (IPSAS). Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni sem er ekki lokið að fullu.

Yfirlitið nú samanstendur af eftirfarandi yfirlitum:

- Rekstrarreikningur
- Sjóðsstreymi
- Sundurliðun tekna
- Yfirlit yfir málefnasvið
- Yfirlit yfir málefnasvið skipt niður á eðli útgjalda
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu niður á málefnasvið
- Lánayfirlit

Mánaðaryfirlit ríkissjóðs fyrir janúar – febrúar 2020 liggur nú fyrir. Í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna á tímabilinu og gjaldfærðra gjalda. Í þessu uppgjöri er ekki búið að taka tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu, bæði á tekju- og gjaldahlið, sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Unnið verður að því samhliða innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla að færa mánaðarleg og ársfjórðungsleg uppgjör frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn eins og hægt verður. Við þá breytingu verður gætt að samræmi við framsetningu áætlana.

Áætlanatölur í þessu mánaðaryfirliti byggja á dreifingu fjárveitinga sem aftur byggja á samþykktum rekstraráætlunum og áætlaðri dreifingu tekna innan ársins. Þær áætlanir taka í einhverjum tilvikum mið af ónýttum fjárveitingum fyrri ára.

Áhrif nýrra reikningsskilaaðferða eru eins og áður segir ekki komin að fullu inn í þetta yfirlit. Stofnefnahagsreikningar fyrir 1.1.2017 liggja fyrir og sömuleiðis ríkisreikningur fyrir árin 2017 og 2018 og í vinnslu er ríkisreikningur fyrir árið 2019. Búið er að færa varanlega rekstrarfjármuni upp hjá stofnunum ásamt orlofsskuldbindingu og öðrum breytingum sem leiða af breyttum reikningsskilaaðferðum. Gert er ráð fyrir innleiðingartíma 2017-2019 og er því ekki gert ráð fyrir að reikningsskilin verði að fullu í samræmi við lög um opinber fjármál fyrr en í lok árs 2019. Þegar horft er á samstæðu A-hluta ríkissjóðs

gera staðlar ráð fyrir að í henni verði búið að eyða út innbyrðisfærslum, bæði innan stofnana og á milli fjárlagaliða. Unnið er að þeirri breytingu og er búið að taka tillit til innbyrðisfærslna vegna viðskipta milli stofnana að mestu í þeim yfirlitum sem hér eru birt.

Rekstraryfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild sýnir neikvæðan tekjujöfnuð að upphæð 644 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði jákvæður um 7,8 ma.kr. Innheimtar tekjur án fjármunatekna námu samtals 134,9 ma.kr. á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 142,9 ma.kr. og voru því um 8,0 ma.kr. lægri sem skýrist að mestu með sköttum og tryggingagjöldum. Stærstu frávikin eru í tekjuskatti einstaklinga sem er 1,3 ma.kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir, fjármagnstekjuskattur var 2,4 ma.kr. hærrí og tekjur af virðisaukaskatti 6,3 ma.kr. lægri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Frekari greining á frávikum í tekjum er að finna í yfirliti 3. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 135,5 ma.kr. á meðan áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir 134,1 ma.kr. og voru þau því 0,4 ma.kr. hærrí en áætlað hafði verið. Laun og launatengd gjöld voru 3,2 ma.kr. yfir áætlunum, framlög og tilfærslur voru 2,6 ma.kr. hærrí en gert var ráð fyrir, annar rekstrarkostnaður 6,2 ma.kr. lægri og afskriftir 0,9 ma.kr. hærrí. Fjármagnsgjöld námu 6,5 ma.kr. samanborið við 7,2 ma.kr. í heimildum og fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals voru neikvæð um 5,2 ma.kr. samanborið við áætlun upp á 5,8 ma.kr.

Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs var jákvætt um 15,2 ma.kr. á tímabilinu þar sem innheimtar tekjur námu 141,1 ma.kr. og greidd gjöld 125,9 ma.kr. Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar á tímabilinu og nam hreint útstreymi vegna þeirra 2,7 ma.kr. Hreint útstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga nam 48,7 ma.kr. og lækkaði staða á handbæru fé um 36,2 ma.kr.

Yfirlit sem sýna sundurliðun á útgjaldaþróun eru töluvert breytt frá því sem verið hefur. Ný framsetning fjárlaga byggir á heimildum til málefnasviða en ekki til einstaka stofnana og byggja yfirlit 4 og 5 á þeirri skiptingu. Þar eru dregin fram rekstraráhrif annars vegar og fjárfestingar hins vegar. Yfirlit 4 sýnir samandregna afkomu 34 málefnasviða þar sem horft er á rekstur sem útgjöld að frádregnum tekjum stofnana, þá er jafnframt birt fjárfesting tímabilsins. Til samanburðar er svo áætlun tímabilsins sem inniheldur áætlaðar fjárfestingar. Niðurstaða þessa yfirlits er að rekstrargjöld að frádregnum rekstrartekjum námu 137,5 ma.kr. og fjárfestingar tímabilsins samtals um 2,7 ma.kr. Áætlun fyrir tímabilið gerði ráð fyrir 141,0 ma.kr. og eru útgjöldin því lítillega undir áætlunum. Helstu frávik eru á málefnasviði 11 þar sem útgjöld eru 2,5 ma.kr. lægri en áætlanir og málefnasvið 30 sem er 2,1 ma.kr. yfir áætlunum. Yfirlit númer 5 sýnir sömu niðurstöðu nema að þar eru rauntölurnar brotnar niður í eðli útgjaldanna, rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur, fjárfestingarframlög og rekstrartekjur. Yfirlit 6 sýnir síðan nánara sundurbrot á þessari hagrænu skiptingu útgjalda samanborið við áætlanir.

Efnahagsreikningur er ekki birtur en í yfirliti 7 má sjá hreyfingar á lánum ríkissjóðs.

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs



janúar – febrúar 2020

Yfirlit 1 – Rekstraryfirlit

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik	Fyrri ár
Tekjur				
Skatttekjur	113.018	119.015	-5.996	118.438
Tryggingagjöld	15.164	15.613	-449	15.831
Aðrar tekjur	6.702	8.245	-1.544	9.459
Tekjur samtals	134.884	142.873	-7.989	143.728
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	43.305	40.111	3.194	39.849
Framlög og tilfærslur	60.917	58.363	2.554	57.429
Annar rekstrarkostnaður	28.117	34.342	-6.225	26.671
Afskriftir	3.190	2.284	906	3.024
Gjöld samtals	135.528	135.100	429	126.973
Afkoma fyrir fjármagnsliði	-644	7.774	-8.418	16.755
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, verðbætur og tekjur af eignarhlutum	1.316	1.376	-61	1.913
Vaxtagjöld og verðbætur	6.499	7.205	705	10.210
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	-5.184	-5.829	645	-8.297
Rekstrarafkoma án afkomu af hlutdeildarfélögum	-5.828	1.945	-7.773	8.458
Hrein afkoma af hlutdeildarfélögum og samrekstri	0	0	0	0
Rekstrarafkoma	-5.828	1.945	-7.773	8.458

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - febrúar 2020

Yfirlit 2 - Sjóðstreymi

Allar tölur eru í millj.kr.

Raun

Handbært fé frá rekstri

Innheimta	141.057
Skatttekjur	113.018
Tryggingagjöld	15.164
Aðrar tekjur	6.702
Vaxtatekjur	1.316
Birgðabreyting	-89
Viðskiptakröfur, breyting	4.947

Greiðslur	-125.866
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	-71.422
Fjármagnskostnaður	-6.499
Framlög og tilfærslur	-60.917
Viðskiptaskuldir, breyting	12.971

Handbært fé frá rekstri samtals	15.191
--	---------------

Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfesting	-2.775
Veitt löng lán	-1.110
Afborganir af langtímakröfum	1.629
Mótttekinn arður	0
Kaup á hlutafé og stofnfjárframlögum	0
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	-416
Fjárfestingarhreyfingar samtals	-2.672

Fjármögnunarhreyfingar

Skammtímaskuldir, nettó	2.603
Langtímaskuldir	13.078
Afborganir af langtímaskuldum	-64.369
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-48.687

Breyting á handbæru fé	-36.168
-------------------------------------	----------------

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - febrúar 2020

Yfirlit 3 - Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.	Raun	Áætlun	Frávik	Fyrri ár
Skatttekjur og tryggingagjöld	128.183	134.628	-6.445	134.269
Skattar á tekjur og hagnað	56.208	55.124	1.085	56.747
Tekjuskattur, einstaklingar	33.772	35.090	-1.317	34.451
Tekjuskattur, lögaðilar	5.482	5.521	-38	5.870
Skattur á fjármagnstekjur	16.954	14.513	2.440	16.427
Skattar á launagr. og vinnuafll	1.455	1.383	72	1.422
Fjársýsluskattur	578	486	93	508
Annað	876	897	-21	915
Eignarskattar	1.697	1.773	-77	1.796
Stimpilgjöld	686	845	-159	833
Erfðafjárskattur	825	821	5	828
Aðrir eignarskattar	186	108	78	134
Skattar á vöru og þjónustu	52.253	60.022	-7.769	57.763
Virðisaukaskattur	38.077	44.327	-6.250	42.222
Vörugjöld af ökutækjum	737	871	-134	1.219
Vörugjöld af bensíni	1.618	1.648	-29	1.671
Olíugjald	1.778	1.805	-27	1.933
Kolefnisgjald	873	869	4	718
Áfengisgjald	2.770	2.725	45	2.631
Tóbaksgjald	962	1.021	-60	1.001
Vörugjald, umhverfisskattar	728	952	-224	786
Önnur vörugjöld	88	328	-239	155
Sértækir þjónustuskattar	559	1.290	-731	1.298
Bífreiðagjald	3.335	3.391	-56	3.306
Aðrir neyslu- og leyfisskattar	727	795	-68	823
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	348	453	-105	486
Aðrir skattar	1.057	260	797	223
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	11	12	-1	11
Útvarpsgjald	52	56	-4	53
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	0	0	0	0
Ýmsir skattar á atvinnurekstur	994	191	802	159

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik	Fyrri ár
Tryggingagjöld	15.164	15.613	-449	15.831
Tryggingagjald almennt	10.314	10.324	-11	10.760
Fæðingaorlofssjóður	1.521	1.709	-188	1.587
Atvinnutryggingagjald	3.183	3.434	-251	3.331
Önnur tryggingagjöld	147	146	1	152
Fjárframlög	43	759	-716	46
Fjármagnstekjur	1.316	1.376	-61	1.913
Dráttarvextir af skatttekjum	622	618	4	623
Aðrar vaxtatekjur	584	587	-4	1.149
Arðgreiðslur og tekjur frá ríkisfyrirtækjum	110	170	-60	140
Aðrar tekjur	3.239	3.567	-328	3.057
Veiðigjald	967	814	153	1.686
Leigutekjur	130	361	-231	28
Sala á vöru og þjónustu	873	1.083	-210	1.078
Sektir og skaðabætur	389	487	-98	328
Stöðugleikaframlög	0	21	-21	0
Sala kolefnisheimilda	871	0	871	0
Ýmsar og óskilgreindar tekjur	9	801	-793	-63
Hrein afkoma af hlutdeildarfélögum og samrekstri	0	0	0	0
Ýmsar rekstrartekjur stofnana (45, 46, 47)	3.420	3.920	-500	6.355
Tekjur samtals	136.200	144.249	-8.049	145.641

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - febrúar 2020

Yfirlit 4 - Málefнасvið, kostnaður

að frádregnum rekstrartekjum

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstur	Fjár- festing	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %	Rekstur fyrra ár
Málefnasvið samtals	137.475	2.664	140.970	-831	-1%	131.941
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	1.070	0	865	205	24%	904
02 Dómstólar	544	1	580	-34	-6%	545
03 Æðsta stjórnarsýsla	352	20	484	-112	-23%	337
04 Utanríkismál	2.335	6	2.522	-181	-7%	2.391
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	4.162	19	3.686	494	13%	4.172
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og uppl.mál	479	4	429	54	13%	399
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargr.	930	0	935	-5	-1%	1.580
08 Sveitarfélög og byggðamál	4.551	0	3.885	665	17%	3.761
09 Almanna- og réttaröryggi	4.583	52	4.499	136	3%	4.665
10 Rétt. einst, trúmál og stj.sýsla dómsm.	2.682	6	2.364	324	14%	2.544
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	5.182	1.866	9.536	-2.488	-26%	4.421
12 Landbúnaðarmál	2.753	2	2.714	40	1%	2.709
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	929	5	994	-59	-6%	984
14 Ferðapjónusta	100	0	247	-147	-59%	267
15 Orkumál	689	0	719	-30	-4%	657
16 Markeftirl. og stj.sýsl. atv.mála og nýsk.	341	2	759	-416	-55%	756
17 Umhverfismál	1.947	60	2.824	-817	-29%	2.150
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	2.118	6	2.408	-284	-12%	1.995
19 Fjölmíðlun	814	0	816	-2	0%	785
20 Framhaldsskólastig	5.743	42	6.026	-241	-4%	5.300
21 Háskólastig	5.267	102	4.443	925	21%	6.876
22 Ö. sk.st. og stj.sýsla mennt- og m.mála	872	3	760	114	15%	867
23 Sjúkrahúsapjónusta	15.183	347	14.647	883	6%	13.554
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	8.886	14	8.735	166	2%	8.746
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	7.397	87	8.949	-1.465	-16%	7.431
26 Lyf og lækningavörur	4.131	0	4.149	-18	0%	4.073
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	10.872	0	11.091	-219	-2%	9.787
28 Málefni aldraðra	13.712	0	13.871	-158	-1%	12.860
29 Fjölskyldumál	7.302	7	7.058	251	4%	6.547
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	6.443	4	4.317	2.130	49%	3.922
31 Húsnæðisstuðningur	1.081	0	1.064	17	2%	1.081
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	1.670	8	1.427	251	18%	1.382
33 Fjárm.kostn., ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	12.356	0	13.167	-811	-6%	13.491
34 Alm. varasjóður og sért. fjárráðstafanir	0	0	0	0		0

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - febrúar 2020



Yfirlit 5 - Málefna svið, skipt niður á eðli útgjalda

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Rekstrar- tekjur	Rekstur alls	Fjár- festingar	Framlag ríkissjóðs	Áætlun tímabils	Frávík
Málefna svið samtals	86.944	60.884	780	-11.133	137.475	2.664	140.139	140.970	-831
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	1.072	1	0	-2	1.070	0	1.070	865	205
02 Dómstólar	544	0	0	0	544	1	545	580	-34
03 Æðsta stjórnarsýsla	352	1	0	0	352	20	372	484	-112
04 Utanríkismál	1.903	928	0	-496	2.335	6	2.341	2.522	-181
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	5.969	737	0	-2.544	4.162	19	4.181	3.686	494
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	632	0	0	-152	479	4	483	429	54
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	300	276	475	-122	930	0	930	935	-5
08 Sveitarfélög og byggðamál	0	4.551	0	0	4.551	0	4.551	3.885	665
09 Almanna- og réttaröryggi	4.763	77	0	-257	4.583	52	4.635	4.499	136
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	1.508	1.212	0	-38	2.682	6	2.688	2.364	324
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	4.307	1.126	-6	-245	5.182	1.866	7.048	9.536	-2.488
12 Landbúnaðarmál	277	2.561	0	-85	2.753	2	2.755	2.714	40
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	879	117	0	-67	929	5	935	994	-59
14 Ferðaþjónusta	80	19	0	1	100	0	100	247	-147
15 Orkumál	129	605	0	-45	689	0	689	719	-30
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp.	350	19	0	-28	341	2	343	759	-416
17 Umhverfismál	1.726	505	37	-322	1.947	60	2.007	2.824	-817
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	1.553	747	4	-187	2.118	6	2.124	2.408	-284
19 Fjölmiðlun	814	0	0	0	814	0	814	816	-2
20 Framhaldsskólastig	5.599	508	0	-363	5.743	42	5.785	6.026	-241

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Rekstrar- tekjur	Rekstur alls	Fjár- festingar	Framlag ríkissjóðs	Áætlun tímabils	Frávik
21 Háskólastig	5.846	630	0	-1.209	5.267	102	5.368	4.443	925
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	638	259	0	-26	872	3	875	760	114
23 Sjúkrahúsþjónusta	17.173	509	0	-2.499	15.183	347	15.529	14.647	883
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	5.897	4.282	0	-1.292	8.886	14	8.901	8.735	166
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta	7.494	45	269	-412	7.397	87	7.484	8.949	-1.465
26 Lyf og lækningavörur	1.656	2.474	0	0	4.131	0	4.131	4.149	-18
27 Örorika og málefni fatlaðs fólks	67	10.808	0	-3	10.872	0	10.872	11.091	-219
28 Málefni aldraðra	10	13.704	0	-1	13.712	0	13.712	13.871	-158
29 Fjölskyldumál	556	6.771	0	-25	7.302	7	7.309	7.058	251
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	734	6.164	0	-455	6.443	4	6.448	4.317	2.130
31 Húsnæðisstuðningur	0	1.081	0	0	1.081	0	1.081	1.064	17
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	1.760	169	0	-259	1.670	8	1.678	1.427	251
33 Fjármagnskostn., ábyrgðir og lífeyrisskuldb.	12.356	0	0	0	12.356	0	12.356	13.167	-811
34 Alm. varasjóður og sért. fjárráðstafanir	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - febrúar 2020

Yfirlit 6 - Hagræn skipting niður á málefnasvið

Allar tölur eru í millj.kr.	Aætlun		Frávik	Fyrra ár
	Raun	tímabils		
Rekstrargjöld	86.944	88.226	-1.282	84.815
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	1.072	860	211	881
02 Dómstólar	544	578	-34	546
03 Æðsta stjórnarsýsla	352	369	-17	337
04 Utanríkismál	1.903	1.301	603	1.530
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	5.969	5.599	370	5.125
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	632	677	-45	695
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	300	322	-22	341
08 Sveitarfélög og byggðamál	0	0	0	1
09 Almanna- og réttaröryggi	4.763	4.678	85	4.963
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	1.508	1.740	-232	1.998
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	4.307	4.107	200	3.856
12 Landbúnaðarmál	277	318	-42	325
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	879	915	-36	935
14 Ferðapjónusta	80	82	-2	97
15 Orkumál	129	127	2	104
16 Markeftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp.	350	368	-18	759
17 Umhverfismál	1.726	2.021	-294	1.798
18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	1.553	1.710	-157	1.441
19 Fjölmíðlun	814	816	-2	785
20 Framhaldsskólastig	5.599	5.780	-181	5.123
21 Háskólastig	5.846	5.845	1	5.100
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	638	558	81	662
23 Sjúkrahúspjónusta	17.173	16.812	361	15.718
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	5.897	6.099	-202	6.031
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	7.494	8.566	-1.072	7.521
26 Lyf og lækningavörur	1.656	1.799	-143	1.602
27 Örorða og málefni fatlaðs fólks	67	28	39	22
28 Málefni aldraðra	10	0	10	2
29 Fjölskyldumál	556	695	-139	530
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	734	736	-2	870
31 Húsnæðisstuðningur	0	0	0	0
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	1.760	1.553	207	1.627
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbinding	12.356	13.167	-811	13.491
34 Alm. varasjóður og sért. fjárráðstafanir	0	0	0	0

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Acætlun tímabils	Frávik	Fyrra ár
Rekstrartilfærslur	60.884	57.863	3.021	57.764
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	1	25	-24	29
03 Æðsta stjórnarsýsla	1	22	-22	1
04 Utanríkismál	928	1.251	-323	1.218
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	737	728	9	761
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	276	404	-127	845
08 Sveitarfélög og byggðamál	4.551	3.885	665	3.760
09 Almanna- og réttaröryggi	77	21	57	118
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	1.212	678	534	582
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	1.126	1.011	115	837
12 Landbúnaðarmál	2.561	2.450	111	2.443
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	117	160	-43	127
14 Ferðapjónusta	19	172	-153	178
15 Orkumál	605	593	12	555
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp.	19	427	-408	26
17 Umhverfismál	505	809	-304	586
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	747	838	-91	777
19 Fjölmíðlun	0	0	0	0
20 Framhaldsskólastig	508	523	-15	581
21 Háskólastig	630	347	283	4.057
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	259	246	14	247
23 Sjúkrahúsþjónusta	509	363	146	433
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	4.282	4.072	210	4.023
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	45	158	-113	0
26 Lyf og lækningavörur	2.474	2.349	125	2.471
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	10.808	11.065	-257	9.766
28 Málefni aldraðra	13.704	13.872	-168	12.858
29 Fjölskyldumál	6.771	6.384	386	6.041
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	6.164	3.814	2.351	3.291
31 Húsnæðisstuðningur	1.081	1.064	17	1.081
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	169	134	35	73
Ýmis málefnasvið	0	0	0	0

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Acætlun tímabils	Frávik	Fyrra ár
Fjármagnstilfærslur	780	896	-116	922
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	475	367	108	503
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	0	0	0	0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	-6	0	-6	0
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	0	0	0	0
14 Ferðaþjónusta	0	0	0	0
17 Umhverfismál	37	206	-169	86
18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	4	0	4	13
19 Fjölmíðlun	0	0	0	0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	269	323	-54	321
31 Húsnæðisstuðningur	0	0	0	0
Ýmis málefna svið	0	0	0	0
Gjöld samtals	148.608	146.985	1.623	143.501
Rekstrartekjur	-11.133	-12.031	898	-11.560
Rekstur samtals	137.475	134.954	2.521	131.941
Fjárfestingarframlög	2.664	6.016	-3.352	
02 Dómstólar	1	1	0	
03 Æðsta stjórnarsýsla	20	93	-73	
04 Utanríkismál	6	6	0	
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	19	251	-232	
06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	4	18	-14	
09 Almanna- og réttaröryggi	52	48	4	
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla dómsmála	2	7	-5	
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	1.866	4.662	-2.797	
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	5	29	-23	
16 Markeftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp.	6	1	4	
17 Umhverfismál	60	147	-87	
18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	6	45	-39	
20 Framhaldsskólastig	42	128	-86	
21 Háskólastig	102	16	86	
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	3	3	0	
23 Sjúkrahúsþjónusta	347	95	252	
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	14	22	-8	
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	87	402	-315	
29 Fjölskyldumál	7	0	7	
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	4	0	4	
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	8	27	-19	
Ýmis málefna svið	3	15	-13	

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - febrúar 2020

Yfirlit 7 - Lánayfirlit



	Árslok	Hreyfingar á árinu 2020			Febrúarlok
	2019	Tekin / Veitt	Afborgun	Endurmat	2020
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>	Samtals	lán			Samtals
Veitt löng lán, nettó	53.821	1.110	-1.629	-207	53.096
Veitt löng lán	57.777	1.110	-1.629	-207	57.051
Veitt lán til Seðlabanka Íslands	-	-	-	-	0
Veitt lán, önnur	57.777	1.110	-1.629	-207	57.051
Næsta árs afborganir fl. á skammtímakröfur	-3.955	-	-	-	-3.955
Tekin löng lán, nettó	-813.919	-13.078	64.369	5.358	-757.270
Tekin löng lán	-870.831	-13.078	64.369	5.358	-814.183
Spariskírteini	-244.522	-2.949	0	7.793	-239.678
Ríkisbréf	-405.341	-10.130	63.200	0	-352.270
Seðlabanki Íslands	0	0	0	0	0
Önnur innlend lán	-34.522	0	1.169	129	-33.224
Erlend lán	-186.447	0	0	-2.564	-189.011
Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldir	56.913	0	-	-	56.913

1) Eignaaukning eða skuldaminnkun = -